

Fréttabréf

25. september 2007
2. tbl. skólaárið 2007—2008

Ágætu foreldrar og forráðamenn nemenda í Grunnskólanum í Borgarnesi

Nú eru senn fjórar vikur liðnar af skólaárinu og rétt að koma nokkrum upplýsingum á framfæri við ykkur.

1. „Borgarfjarðarbrúin“

Mánudagurinn 1. október er ekki skóladagur hjá nemendum líkt og fram kemur á skóladagatali. Þann dag munu kennarar skólanna hérna í Borgarbyggð koma saman og halda áfram þeirri vinnu sem sett var í gang þann 20. ágúst s.l. og miðar að endurskoðun námskrár og tengingu skólastiga. Tómskundaskólinn verður opinn þennan dag frá kl. 8:00 líkt og verður regla í vetur á dögum sem þessum.

2. Kynningarfundir

Nú þessa dagana standa yfir kynningarfundir í skólanum. Eru þeir boðaðir af kennurum. Áriðandi er að forráðamenn sækja þessa fundi.

3. Námskeið fyrir forráðamenn nem. í 1. bekk

Nú er lokið þriggja kvölda kynningarnámskeiði fyrir forráðamenn nemenda í 1. bekk. Er það nýjung hjá okkur að hafa þetta með þessum hætti. Eitt skiptið var í vor og síðan hittist fólk tvisvar í sept. Á þessu námskeið var farið yfir marga þá hluti sem skipta miklu máli við upphaf skólagöngu. Er það von okkar að fólki hafi þótt einhvers um vert að verja þessum tíma með okkur í skólanum.

4. „Skýr mörk“

Nú er kominn í dreifingu bæklingur er ber nafnið „Skýr mörk“. Í þessum bæklingi eru settar fram skilgreiningar á því hvað við í skólanum teljum vera ásættanlega og eðlilega hegðun og síðan hvað ekki. Eins er það skilgreint hvenær nemandi fer yfir skýru mörkin og verður í kjölfarið að taka út viðurlög. Meginreglan hérna er sú að fari nemandur yfir skýru mörkin í hegðun eru þeir sendir heim og síðan fundað um málið strax daginn eftir, jafnframt því að þeim er boðin uppbygging er felst í því m.a. að finna betri leið.

5. Vinna með námi

Mikið er um það nú að nemandur vinna launavinnu jafnhliða námi sínu við skólann. Of mikið ber á því að þeir sinna ekki heimavinnu og bera þá við að tími til þess sé lítill eða enginn sökum annarrar vinnu. Skólinn vill koma því greinilega á framfæri að nám í grunnskóla er full vinna og því verður að setja annarri vinnu skorður þannig að ekki komi niður á náminu.

6. Skólaferðalag 10. bekkja

Nú á sunnudaginn leggja nemandur 10. bekkja af stað í skólaferðalag til Danmerkur ásamt fararstjórum. Munu þeir m.a. heimsækja Vallekilde-Horve Friskole og dvelja

Þar með jafnöldrum við leik og störf. Áður en haldið verður heim laugardaginn 6. október dvelur hópurinn í Kaupmannahöfn þar sem ýmislegt verður til gamans gert.

7. Samræmd próf

Nemendur 4. og 7. bekkja taka samræmd próf 18. og 19. október. Verður tímasetning og annað fyrirkomulag kynnt síðar.

8. Skólabúðir að Laugum

Nemendur 9. bekkja fara í skólabúðir að Laugum vikuna 22. – 26. okt. Upplýsingar um skólabúðir verða sendar er nær dregur en verð (hluti nemenda) hefur verið ákveðið kr. 9.000.- pr. nem.

9. Skólabúðir að Reykjum

Nemendur 7. bekkjar fara í skólabúðir að Reykjum 12. – 16. nóvember. Þar sem mánudagurinn 12. hittir á vetrarfrí í skólanum fá nemendur og fararstjórar vetrarfrí í staðinn mánudaginn 19. nóv. Verðið er það sama og á Laugum eða kr. 9.000.-

10. Göngum í skólann

Ísland er nú í fyrsta skipti þátttakandi í verkefninu „Göngum í skólann“. Þetta verkefni hefur það að markmiði að allir hreyfi sig meira og ennfremur að minnka umferð við skóla. Þetta fellur alveg að því sem við viljum halda fram hérna. Við viljum minnka umferðina við skólann og hvetjum því til þess að nemendum sé hleypt út úr bílum (ef þeim er ekið) við Tónlistar – eða Tómskundaskólann við Skallagrímsgötu. Við viljum þakka fyrir góð viðbrögð við þeim óskum okkar. Vakin er athygli á heimasíðu verkefnisins „göngum í skólann“ www.gongumiskolann.is . Þar má fræðast um tilgang verkefnis og þátttökuskóla.

11. Heimasíða skólans

Óskar Birgisson kennari hér við skólann hefur tekið að sér að ritstýra heimasíðu skólans í vetur. Því má vænta þess að hún verði í auknum mæli notuð til að koma á framfæri tilkynningum og fréttum úr skólanum. Stefnt er að breytingu á útliti hennar á næstu vikum.

En ekki fleira að sinni

Bestu kveðjur

Kristján Gíslason skólastjóri